

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓARNINNAR (EB) nr. 897/2009

2021/EES/43/19

frá 25. september 2009

um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1447/2006, (EB) nr. 186/2007, (EB) nr. 188/2007 og (EB) nr. 209/2008 að því er varðar skilmála leyfisins fyrir fóðuraufefninu *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc 47

(Texti sem varðar EES) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri (1), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aukefnið *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc 47, viðskiptaheitið er Biosaf, hér á eftir nefnt „Biosaf“, sem tilheyrir flokknum dýraræktaraukefni, var leyft með vissum skilyrðum í samræmi við reglugerð (EB) nr.1831/2003 í tíu ár með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr.1447/2006 (2) fyrir eldislömb, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr.186/2007 (3) fyrir hesta, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 188/2007 (4) fyrir mjólkurgetur og mjólkuræ og með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr.209/2008 (5) fyrir eldisvín. Þetta aukefni var tilkynnt sem fyrirbyggjandi vara í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Þar eð allar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt fyrrgreindu ákvæði voru lagðar fram hefur aukefnið verið fært inn í skrá Bandalagsins yfir aukefni í fóðri.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um að breyta megi leyfinu fyrir aukefni á grundvelli beiðni frá leyfishafanum og álits frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu. LFA Lesaffre Feed Additives, handhafi leyfisins fyrir Biosaf, hefur lagt fram umsókn með beiðni um að breyta viðskiptaheiti aukefnisins úr „Biosaf“ í „Actisaf“.
- 3) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfanna er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefnum. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

4) Til að gera umsækjanda kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn undir viðskiptaheitinu Actisaf er nauðsynlegt að breyta skilmálum leyfanna.

5) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 1447/2006, (EB) nr. 186/2007, (EB) nr. 188/2007 og (EB) nr. 209/2008 til samræmis við það.

6) Rétt er að kveða á um aðlögunartímabil svo hægt sé að nýta fyrirbyggjandi birgðir.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Í 3. dálki færslunnar í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1447/2006, komi „Actisaf“ í stað „Biosaf Sc 47“.

2. Í 3. dálki færslunnar í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 186/2007, komi „Actisaf“ í stað „Biosaf Sc 47“.

3. Í 3. dálki færslunnar í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 188/2007, komi „Actisaf“ í stað „Biosaf Sc 47“.

4. Í 3. dálki færslunnar í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 209/2008, komi „Actisaf“ í stað „Biosaf Sc 47“.

2. gr.

Fyrirbyggjandi birgðir sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar má áfram setja á markað og nota þar til sex mánuðum eftir gildistökudaginn.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 30, 10.6.2010, bls. 15.

(1) Stjttíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Stjttíð. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 28.

(3) Stjttíð. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 6.

(4) Stjttíð. ESB L 57, 24.2.2007, bls. 3.

(5) Stjttíð. ESB L 63, 7.3.2008, bls. 3.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. september 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.
